



Borgarráð

Fjölskyldu og húsdýragarður - endurbætur

Óskað er heimildar til að verja 55 m.kr. af fjárfestingaáætlun til ýmissa endurbóta í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (sjá meðfylgjandi sundurliðun) og 30 m.kr. til endurbóta og breytinga á svínahúsi og viðbyggingu við það vegna villtra dýra í hremmingum. Samtals 85 m.kr. Verkefnið rúmast innan gildandi fjárfestingaáætlunar.

Greinargerð: Ýmislegt í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum þarfnast endurnýjunar og endurbóta. Í stað þess að dreifa þessum endurbótum yfir langan tíma og verja til þess fjármunum af viðhaldsfé er lagt til að fara í átaksverkefni í garðinum og eignfæra þennan kostnað enda er um að ræða í flestum tilvikum endurnýjun og viðbætur frekar en hefðbundið viðhald. Þá er nauðsynlegt að bæta aðstöðu vegna villtra dýra sem lent hafa í hremmingum og er gert ráð fyrir að sú aðstaða nýtist einnig vegna óskilahunda. Þá liggur fyrir að undirbúningur að byggingu fræðsluhúss mun taka lengri tíma en ráð var fyrir gert við undirbúning áætlunarinnar og þess vegna m.a. skapast það svigrúm til að færa fjármuni í þessi verkefni sem að hér er lagt til.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:
Sundurliðun

Fjölskyldugarður 2018

Nýjungar og viðhald

Tillögur og kostnaðaráætlun

A. Nýjungar og kostnaður þeim tengdur

1. Endurnýjun barnakastala (S7).

Verkþættir:

Endurnýjun á litla kastalanum frá HAGS (2001). Ekki borgar sig að gera við hann. Nýr settur niður gamla fargað. Skipta um fallundirlag í leiðinni.

Áætlun nýjungar:

Kaupa kastala með sérstöðu frá þýska fyrirtækinu Spielart. Verð: 6.500.000 kr m/vsk
Lagning uppsetning/gervigrass-fallundirlags/frágangur

Áætlun verklegt:

Verð: 3.600.000 kr. m/vsk

Alls verk: 10.100.000 kr. m/vsk



2. Nýjungar á smásvæði S13 og S14.

Verkþættir:

Nemendur garðyrkjudeildar LBHÍ munu sjá að mestu um verklegar framkvæmdir á svæðum S13 og S14 t.d. hellulagnir og arkitekt á þeirra vegum um hönnun í samstarfi við FHG. FHG þarf að sjá um efniskaup og nýjungar á svæðin. Auk þess þarf FHG að sjá um útskipti jarðvegs. LBHÍ sér um hellulagnir.

Áætlun nýjungar:

Kaupa 3 gagnvirk smátæki frá fyrirtækinu Playnetics sem rafknúin eru með handafli. 2 x Jumpstone (30005-C) 1.040.000 kr. m/vsk 1 x Gamewall (30010-S) 1.117.000 kr. m/vsk. Kaupa veltihring (200020 frá Lappset á svæði S14. 1.600.000 m/vsk.
Nýjungar verð alls: 3.757.000 kr m/vsk

Áætlun verklegt:

Jarðvinna, efniskostnaður ofl.

Verð: 2.200.000 kr. m/vsk

Alls verk: 5.957.000 kr. m/vsk



3. Nýr ökuskóli.

Verkþættir:

Hugmyndin er að endurnýja ríflega 20 ára gamla bíla ökuskólans (T3) með nýjum stærri tveggja manna bílum. Með breytingunni breiðkar aldurshópurinn sem nýtt getur brautina þar sem foreldrar geta farið með börnum og eldri systkini með þeim yngri. Þá er komið til móts við þarfir fatlaðra barna. Jafnframt endurnýjun bílanna yrði skipt um fúna girðingu og batta meðfram brautinni. Verst fögnu gömlu bílunum yrði fargað en þeir sem skárri eru yrðu nýttir í nýja einfalda fría braut fyrir yngstu börnin (svæði T8). Kostnaður við þá braut er óverulegur.

Áætlun nýjungar:

6 bílar auk aukahluta 6.500.000 kr. m/vsk

Áætlun verklegt:

Á ekki við

Alls verk: 6.500.000 kr. m/vsk



4. Nýtt gagnvirkt leiktæki (S8).

Verkþættir:

Svæðið næst barnakastala er mjög vinsælt fjölskyldusvæði. Hluti þess þar sem áður var minigolf er illa nýtt. Hugmyndin er að kaupa nýtt gagnvirkt leiktæki frá fyrirtækinu Yalp. Garðurinn á annað tæki frá þessu fyrirtæki sem heitir Sona og hefur það reynst ákaflega vel. Tækið sem um ræðir heitir Memo activity zone og inniheldur nokkra leiki, t.d. minnisleiki og reikniþrautir. Tækið krefst hreyfingar og samvinnu á milli þeirra sem leika. Það samanstendur úr leikmottu (fallundirlagi) og 7 staurum sem hver um sig hefur 360°snertiskjá. Leikmenn fara eftir skipunum frá tækinu sem talsett er á íslensku. Tækið er nettengt og hægt að stýra með appi. Seljandinn fylgist með því og uppfærir að kostnaðarlausu.

Áætlun nýjungar:

Yalp Memory Activity Zone 5.300.000 kr. m/vsk

Áætlun verklegt:

Uppsetning tækis og frágangur á undirlagi og umhverfi. 700.000 kr. m/vsk

Alls verk: 6.000.000 kr. m/vsk



5. Endurvinnslustöðvar

Verkþættir:

Núverandi sorptunnur í Fjölskyldugarðinum eru bæði ósnyrtiligar og bjóða upp á takmarkaða flokkun sorps af hálfu gesta. FHG leggur mikið upp úr að þessum málum verði komið í horf til framtíðar enda hefur garðurinn þegar uppfyllt öll fjögur græn skref Reykjavíkur hvað varðar innri starfsemi. Búið er að undirbúa þrjú svæði fyrir þessháttar stöðvar.

Áætlun nýjungar:

Endurvinnslustöðvar á 3 staði. 800.000 kr. m/vsk

Áætlun verklegt:

Á ekki við

Alls verk: 800.000 kr. m/vsk

B. Endurbætur og viðhald

1. Endurgerð bátatjarnar (T7)

Verkþættir:

Verkefnið felst í að dýpka og endurdúksetja hluta tjarnarinnar í Fjölskyldugarðinum þannig að hægt verði að sigla klessubátum garðsins á tjörninni, en það er ekki mögulegt að óbreyttu vegna þess hversu tjörninn hefur grynnað. Það hefur gerst bæði vegna landsigs umhverfis en einnig vegna upplyftingar botns. Svæðið sem um ræðir er um 200 - 300 fm. Meginhluti kostnaðar er vegna efnisflutninga og vélaleigu. Búið er að leita ráðgjafar USK's. vegna þessa verks.

Áætlun varahlutir:

Á ekki við

Áætlun verklegt:

Mismunandi leiðir eru útfærðar í fylgiskjali 2.X.

Alls verk: 5.200.000 – 10.000.000 kr. m/vsk



2.

2. Viðhald á Naglfari (S6)

Verkþættir:

Naglfarið er stóra leikkastalaskipið í fjölskyldugarðinum og er það frá árinu 2001. Það er komið að talsverðu viðhaldi og þá aðallega málningarvinnu. Búið er að kaupa dýrustu varahlutina í skipið s.s. rennibraut en bæta þarf í og kaupa ýmsa smáa aukahluti sem eru utan á skipinu. Þá þarf að mála allt skipið. Loks þarf á einhverjum tímapunkti fyrr en síðar að skipta um fallundirlag við skipið. Það er veruleg framkvæmd en lagt er til að henni verði frestað enn um sinn.

Áætlun varahlutir:

Ýmsir aukahlutir á skipið 300.000 kr. m/vsk

Áætlun verklegt:

Málningarvinna og efni 1.700.000 kr. m/vsk

Alls verk: 2.000.000 kr. m/vsk



3. *Hellulögn við Gjörningabrunn (S12)*

Verkþættir:

Hellulögnin við sjoppu og salerni er ónýt að hluta og orðin hættuleg á köflum. Taka þarf upp hellulögnina á a.m.k. 120 fm og endurnýja en svæðið er alls um 400 fm. Búið var að kanna kostnað og fá tilboð í verkið 2016.

Áætlun varahlutir:

Á ekki við

Áætlun verklegt:

Endurlögn 120 fm með nýju efni 1.600.000 kr. m/vsk

Endurlögn granít 20m x 12.000 = 200.000 kr. m/vsk

Lagfæring á malbiki 500.000 kr. m/vsk

Alls verk: 2.640.000 kr. m/vsk



4. *Dýpkun tjarnar við fleka (T15)*

Verkþættir:

Verkefnið felst í að dýpka og endurdúksetja þann hluta tjarnarinnar í Fjölskyldugarðinum sem flekinn siglir á. Tjörnin þarna er orðin svo grunn að flekinn strandar og hefur bæði skemmst sjálfur og rifið upp dúkinn. Hugsanlega þarf að kaupa nýjan fleka (ca. 1,5 milljón). Um er að ræða ca 70 fm svæði sem seinlegt er að vinna

vegna staðsetningar. Búið er að leita ráðgjafar USK. vegna þessa verks en USK hefur séð um viðhald flekans.


Áætlun varahlutir:

Á ekki við

Áætlun verklegt:

Uppgröftur og dúkur 1.600.000 kr. m/vsk

Alls verk: 1.600.000 kr. m/vsk



Smærri endurnýjunarverkefni

Verkþættir:

Ýmis smærri viðhaldsverk er varða málningu, girðingar og hellulagnir víða um garðinn. Sum þessara verka rúmast innan fjárhagsáætlunar FHG.

Áætlun varahlutir:

Á ekki við

Áætlun verklegt:

- Klára að skipta um fallundirlag við sveiflurólu (S4) 1.000.000 kr. m/vsk
- Ganga frá aðkomu að gröfusvæði (S5) 500.000 kr. m/vsk
- Endurnýjun minkasvæðis 1.100.000 kr. m/vsk
- Endurbætur á fóðuaðstöðu (húsd.garði) 2.200.000 kr. m/vsk
- Endurnýjun kæla í veitingahúsi. 4.000.000 kr. m/vsk
- Endurgerð í veitingahúsi 3.300.000 kr. m/vsk
- Viðgerð á girðingu framan v ökuskóla. 500.000 kr. m/vsk
- Endurnýjun tjarnardúks í vatnaboltatjörn 500.000 kr. m/vsk

Alls verk: 13.100.000 kr. m/vsk

C Samantekt

Nýjungar	Verð	Forgangur
Kastali	6.500.000 kr.	1
Ökuskóli	6.500.000 kr.	1
Yalp Memo	5.300.000 kr.	2
Smátæki á smásvæði	3.500.000 kr.	1
Fallundirlag litli kastali	3.600.000 kr.	1
Smásvæði vinna	2.100.000 kr.	1
Litlir bátar	2.500.000 kr.	2
Vinna Yalp memo.	700.000 kr.	2
Endurvinnslustöðvar	800.000 kr.	2
<i>Alls</i>	31.500.000 kr.	
Framkv./viðhald		
Dýpkun bátatjarnar	5.000.000 kr.	1
Hellulögn S12	2.300.000 kr.	1 og 2
Dýpkun við fleka	1.600.000 kr.	1 og 2
Viðhald Naglfar	2.000.000 kr.	2
Smærri endurn. verk	13.100.000 kr.	1 - 3
<i>Alls</i>	24.000.000 kr.	
Áætl. Heildarkostnaður	55.500.000 kr.	

Í töflunni má sjá kostnað við nýjungar í efri hluta og viðhaldsverk í neðri hluta. Lagt er til að setja nýjungar og verk í 3 forgangsflokka sem eru hægra megin í töflunni. Forgangur: 1) Þarf að vinna fyrir vorið. 2). Getur beðið hausts eða má skipta niður í fleiri áfanga 3) Getur beðið lengur.

Þá er rétt að hafa í huga að verkin eiga sér fleiri en einn ábyrgðaraðila, þ.e. viðhald og nýframkvæmdir. Þá rúmast eitthvað af verkunum innan fjárhagsramma FHG.